

PERSÓNUVERNDARTILKYNNING **SUBARU CARE CONNECTED SERVICES**

Subaru leggur áherslu á persónuvernd þína og hefur einsett sér að standa vörð um persónuupplýsingar þínar („**persónuupplýsingar**“) í samræmi við gildandi persónu- og gagnaverndarreglur (einkum almennu gagnaverndarreglugerðina eða „**GDPR**“) í framboði sínu á Connected Services en hægt er að gerast áskrifandi að þeim á SUBARU Care-reikningnum og nálgast þær í gegnum SUBARU Care-appið (vísað til sem „**þjónusta**“).

Markmið okkar er að gagnsæi ríki um vinnslu okkar á persónuupplýsingum þínum og hvað við gerum við þær. Finna má nánari upplýsingar um það í þessari persónuverndartilkynningu („**persónuverndartilkynningin**“).

Hver erum við?

SUBARU EUROPE NV/SA („Subaru“, „við“)

Leuvensesteenweg 555/8
1930 Zaventem
Belgíu
0438.574.810

Hafa má samband við okkur með eftirfarandi hætti:

Með bréfi: á skráðar skrifstofur okkar og berist til Persónuverndarfulltrúa

Sími: 0032 2 714 03 00

Netfang: privacy@subaru.eu

Nokkrar skilgreiningar

Hvað þessa persónuverndartilkynningu varðar vísar hugtakið „persónuupplýsingar“ til: *allra upplýsinga um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling* (sem ert þú sem „**skráður aðili**“). Persónugreinanlegur einstaklingur er sá sem hægt er að persónugreina, með beinum eða óbeinum hætti, einkum með kennimarki eins og nafni, kennitölu, staðsetningargögnum, netkenni eða einum eða fleiri þáttum sem eiga við um líkamlegt, lífeðlisfræðilegt, erfðafræðilegt, andlegt, efnahagslegt, menningarlegt eða félagslegt kennimark viðkomandi einstaklings. Með öðrum orðum, allar upplýsingar sem nota má til að bera kennsl á einstakling. Á meðal slíkra upplýsinga má nefna föðurnafn þitt, fornafn, fæðingardag, símanúmer og netfang ásamt IP-tölunni þinni.

Hugtakið „vinnsla“ er mjög víðtækt og nær meðal annars yfir söfnun, skráningu, skipulagningu, geymslu, uppfærslu, breytingar, endurheimtingu, samráð, notkun, dreifingu, sameiningu, safnvistun og eyðingu á upplýsingum.

„Reikningsupplýsingar“ þýða:

- Auðkennisupplýsingar (t.d. titil, fjölskylda og fornafn);
- Samskiptaupplýsingar (t.d. farsímanúmer, netfang, pósthfang);
- Upplýsingar, sem tengjast SUBARU Care-reikningnum (t.d. notandanafn, kjörstillingar á samskiptaleiðum, áskriftarupplýsingar, kjörstillingar á samskiptatungumáli);
- Upplýsingar í tengslum við persónuverndarkjörstillingarnar þínar (t.d. dagsetninguna sem þú veittir samþykki þitt; hverju þú veittir samþykki fyrir; dagsetninguna sem þú afturkallaðir samþykki þitt; hvernig þú veittir samþykki (til dæmis úr hvaða tæki); o.s.frv.).

„Reikningsupplýsingar“ þýða upplýsingar í tengslum við reikninga og greiðslur fyrir þjónustuna (t.d. greiðslusögu þjónustunnar, reikninga, virðisaukaskattsnúmer, ef svo á við).

„Staðsetningarupplýsingar“ þýða staðsetningarupplýsingar, sem tengjast Subaru ökutækinu þínu og/eða snjallsímanum þínum (t.d. staðsetningu ökutækisins, ráðgerðan áfangastað, upplýsingar um ferð, leitarsögu áfangastaða, vistað heimilisfang, dreifingu á umferðarupplýsingum).

„Öryggistengdar upplýsingar“ þýða tiltekna upplýsingar um notkun þína á upplýsingatæknikerfum okkar, hugbúnaði og netkerfum.

„Auðkennisupplýsingar ökutækis“ þýða t.d. auðkennisnúmer ökutækisins, bílnúmer, kaupdagsetningu ökutækisins.

„Aksturshegðun“ þýðir t.d. aksutsbækur, ferðabækur, aksturshraði, mælingar á hröðun og hemlun.

„Ferðaupplýsingar“ þýða t.d. nýlegir áfangastaðir, eftirlætisáfangastaðir.

„Tæknilegar upplýsingar um ökutæki og greiningarupplýsingar“ þýða t.d. kílómetrastaða, eyðsla, viðvaranir.

„Núverandi og sögulegar upplýsingar sem tengjast ökutækinu“ þýða t.d. aukabúnaður, hjólbarðar, fjármögnun, tryggingar, ábyrgðartengdar upplýsingar, ef svo á við.

„Samskiptasaga“ þýðir t.d. samskipti viðskiptavinar við mismunandi þjónustu eða forrit í höfuðeiningunni eða SUBARU Care-appinu.

„Tækisupplýsingar“ þýða t.d. tækisgerð, hugbúnaðarútgáfa.

Úr persónuupplýsingum hvaða einstaklings verður unnið?

Við vinnum persónuupplýsingar einstaklingsins sem er áskrifandi að þjónustunni.

Athugið að ef þú leyfir öðrum að keyra eða nota Subaru ökutækið þitt berð þú ábyrgð á því að upplýsa viðkomandi ökumann eða notanda um þessa persónuverndartilkynningu svo hann viti um vinnslu okkar á persónuupplýsingum í tengslum við þjónustuna.

Áður en þú flytur eignarhald á Subaru ökutækinu þínu yfir til annars aðila eða endursöluaðila verður þú að:

- Fjarlægja, eftir því sem er tæknilega unnt, allar upplýsingar og efni (þar á meðal persónuupplýsingar), ef til staðar, sem þú hefur vistað í Subaru ökutækinu og nálgast má í gegnum SUBARU Care-reikninginn þinn; og
- Fjarlægja Subaru ökutækið þitt af SUBARU Care-reikningnum þínum (aftengja þjónustuna frá nafninu þínu).

Hér má finna hagnýtar og þrepaskiptar leiðbeiningar um hvernig megi fjarlægja persónuupplýsingarnar þínar [<https://www.subaru.eu/docs/default-source/connected-services/how-to-remove-personal-data.pdf>].

Aðili sem ber ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinganna þinna („ábyrgðaraðili“).

Subaru ber ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinganna þinna.

Við erum það sem GDPR vísar til sem „ábyrgðaraðili“ persónuupplýsinganna þinna. Með beinum orðum þýðir það að Subaru, hugsanlega ásamt öðrum, ákveður tilgang og leiðir við vinnslu persónuupplýsinganna þinna.

Af hverju söfnum við og notum persónuupplýsingarnar þínar?

Við söfnum og notum persónuupplýsingarnar þínar í eftirfarandi tilgangi:

- Til að gera áskrift þína að þjónustunni virka eða óvirka;
- Til að bjóða þér upp á þjónustuna;
- Til að vinna úr fyrirspurnum þínum og kvörtunum;
- Til að tryggja, viðhalda og styðja við netkerfi, kerfi og hugbúnað sem við notum til að bjóða þér upp á þjónustuna;
- Til að bæta þjónustu okkar (t.d. ef tæknivandamál kemur upp hjá Subaru ökutækinu þínu getur verið að við notum persónuupplýsingarnar þínar (t.d. akstursupplýsingar) til að reyna að leysa úr vandamálinu) og þróa nýja þjónustu;
- Að framkvæma þráðlaust uppfærslur til að uppfæra kerfi í ökutækinu til að kynna nýja eiginleika og laga villur eða galla;
- Til að styðja við rannsóknir, greiningu og þróun á vörum okkar og þjónustu;
- Til að uppfylla lagaskyldur sem krefjast þess að við söfnum og geymum persónuupplýsingar þínar;
- Til að bregðast við beiðnum frá löggæslufirvöldum, eftirlitsaðilum eða dómstólum um persónuupplýsingarnar þínar;
- Til að halda skrá yfir persónuverndarkjörstillingarnar þínar;
- Ef það er nauðsynlegt, innan eðlilegra marka, í tengslum við deilu eða rannsókn, sem við eigum eða kunnum að eiga hlut að, annaðhvort beint við þig eða þriðja aðila;
- Til að vinna úr beiðni frá þér um nýta þér réttindi þín.

Við höfum ekki í hyggju að safna persónuupplýsingum frá einstaklingum yngri en 16 ára. Slíkir ólögráða einstaklingar hafa ekki heimild til að veita okkur persónuupplýsingar eða samþykkisyfirlýsingu án leyfis frá forráðamanni.

Samantekt: hvaða persónuupplýsingar notum við, af hverju, á hvaða lagastoð byggir hún og hversu lengi?

Í töflunni að neðan má sjá:

- dálkur 1: af hverju vinnum við úr persónuupplýsingunum þínum („tilgangurinn“);
- dálkur 2: á hvaða lagastoð byggir úrvinnslan og af hverju við gerum þetta („lagastoðin“);
- dálkur 3: úr hvaða flokkum persónuupplýsinga vinnum við („gagnaflokkar“); og
- dálkur 4: hversu lengi vinnum við úr persónuupplýsingunum þínum („varðveislutíminn“).

Öll úrvinnsla á persónuupplýsingunum þínum á sér stað í einum eða fleiri tilteknum tilgangi.

Auk þess vinnum við aðeins úr persónuupplýsingum þínum í samræmi við lög. Gildandi lagastoð, sem finna má í dálkinum „lagastoð“, þýðir eftirfarandi:

- „Samþykki“: þú hefur veitt **samþykki** fyrir vinnslu persónuupplýsinga þinna í einum eða fleiri tilteknum tilgangi;
- „Samkomulag“: vinnslan er nauðsynleg til að **standa við samning** sem þú ert aðili að;
- „Lagaskylda“: vinnslan er nauðsynleg til að uppfylla **lagaskyldu** sem hvílir á okkur sem ábyrgðaraðila;
- „Lögmætir hagsmunir“: vinnslan er nauðsynleg til að standa vörð um **lögmæta hagsmuni** okkar eða utanaðkomandi aðila nema ef hagsmunir þínir eða grundvallarréttindi og frelsi, sem krefjast verndunar á persónuupplýsingum þínum, gangi þeim framar.

Tilgangur	Lagastoð	Gagnaflokkar	Varðveislutími
	Samkomulag	Samskiptaupplýsingar	Svo lengi sem þú ert með áskrift í

Til að gera áskrift þína að þjónustunni virka eða óvirka			gangi að þjónustunni
		Auðkennisupplýsingar	Svo lengi sem þú ert með áskrift í gangi að þjónustunni
		Tækisupplýsingar	Svo lengi sem þú ert með áskrift í gangi að þjónustunni
		Upplýsingar sem tengjast SUBARU Care-reikningnum	Svo lengi sem þú ert með áskrift í gangi að þjónustunni
		Greiðsluupplýsingar	Svo lengi sem okkur ber lagaskylda til að varðveita upplýsingarnar samkvæmt skatta- og bókhaldslögum
		Auðkennisupplýsingar um ökutæki	Svo lengi sem þú ert með áskrift í gangi að þjónustunni
		IP-tala	Svo lengi sem þú ert með áskrift í gangi að þjónustunni
Til að bjóða þér upp á þjónustuna	Samkomulag	Staðsetningarupplýsingar	12 mánuði frá deginum sem upplýsingunum var safnað
		Endurgjöf um tiltekna atburði eða virkjanir á þjónustunni	12 mánuði frá deginum sem upplýsingunum var safnað
		Aksturshegðun	12 mánuði frá deginum sem upplýsingunum var safnað
		Ferðaupplýsingar	12 mánuði frá deginum sem upplýsingunum var safnað
		Tæknilegar upplýsingar um ökutæki og greiningarupplýsingar	12 mánuði frá deginum sem upplýsingunum var safnað
		Núverandi og sögulegar upplýsingar sem tengjast ökutækinu	12 mánuði frá deginum sem upplýsingunum var safnað
		Samskiptasaga	12 mánuði frá deginum sem upplýsingunum var safnað
		IP-tala	12 mánuði frá deginum sem upplýsingunum var safnað
Til að vinna úr fyrirspurnum þínum og kvörtunum	Lögmætir hagsmunir (til að veita þér aðstoð)	Persónuupplýsingar, sem eru nauðsynlegar innan eðlilegra marka til að vinna úr fyrirspurn/kvörtun þinni	Svo lengi sem þú ert með áskrift í gangi að þjónustunni. Það getur verið að við geymum slíkar upplýsingar lengur en út

			varðveislutímann að ofan ef okkur ber lagaskylda til að geyma upplýsingarnar lengur samkvæmt skatta- og bókhaldslögum.
Til að tryggja, viðhalda og styðja við netkerfi, kerfi og hugbúnað sem við notum til að bjóða þér upp á þjónustuna	Lögmætir hagsmunir (til að tryggja rétt og samsteypt gagnasett til að uppfylla gildandi gagnaverndarlöggjöf)	Við söfnum öryggistengdum gögnum til að fylgjast með öryggi kerfa okkar og þjónustu (og þar með upplýsingum viðskiptavina okkar). Til dæmis höldum við skrá yfir hverjir hafa fengið aðgang að kerfum okkar og hvenær.	Í allt að 12 mánuði. Það getur verið að við geymum gögnin lengur ef: * Það er nauðsynlegt vegna yfirstandandi rannsóknar á öryggisatviki í netheimum; * Það er nauðsynlegt til að við getum staðið fyrir endurskoðun á öryggi kerfa okkar, hugbúnaðar eða netkerfa.
Til að bæta þjónustu okkar (t.d. ef tæknivandamál kemur upp hjá Subaru ökutækinu þínu getur verið að við notum persónuupplýsingarnar þínar (t.d. akstursupplýsingar) til að reyna að leysa úr vandamálinu) og þróa nýja þjónustu	Lögmætir hagsmunir (viðskiptalegir hagsmunir)	Reikningsupplýsingar	Svo lengi sem þú ert með áskrift í gangi að þjónustunni
		Staðsetningarupplýsingar	12 mánuði frá deginum sem upplýsingunum var safnað
		Aksturshegðun	12 mánuði frá deginum sem upplýsingunum var safnað
		Ferðaupplýsingar	12 mánuði frá deginum sem upplýsingunum var safnað
		Tæknilegar upplýsingar um ökutæki og greiningarupplýsingar	12 mánuði frá deginum sem upplýsingunum var safnað
		Samskiptasaga	12 mánuði frá deginum sem upplýsingunum var safnað
		Greiðsluupplýsingar	Svo lengi sem okkur ber lagaskylda til að varðveita upplýsingarnar samkvæmt skatta- og bókhaldslögum
Að framkvæma þráðlaust uppfærslur til að uppfæra kerfi í ökutækinu til að kynna nýja eiginleika og laga villur eða galla;	Lögmætir hagsmunir (viðskiptalegir hagsmunir)	Auðkennisnúmer ökutækis; Hugbúnaðarútgáfa	Meðan á uppfærslu kerfis stendur
Til að styðja við rannsóknir, greiningu og þróun á vörum okkar og þjónustu	Lögmætir hagsmunir (viðskiptalegir hagsmunir)	Auðkennisnúmer ökutækis; Tæknileg ökutækisgögn og greiningargögn; valinn söluaðili viðskiptavina	12 mánuði frá deginum sem upplýsingunum var safnað

Til að uppfylla lagalega skyldu(r) um að við þurfum að safna og varðveita persónuupplýsingarnar þínar	Lagaskylda	Persónuupplýsingar, sem eru nauðsynlegar innan eðlilegra marka til að uppfylla við lagaskyldu	Svo lengi sem okkur ber lagaskylda til að varðveita upplýsingarnar
Til að bregðast við beiðnum frá löggæsluyfirvöldum, eftirlitsaðilum eða dómstólum um persónuupplýsingarnar þínar	Lagaskylda	Persónuupplýsingar, sem eru nauðsynlegar innan eðlilegra marka, til að bregðast við slíkum beiðnum	Við munum ekki varðveita upplýsingar í slíkum tilgangi og aðeins senda þær áfram ef og þegar löggæsluyfirvöld, eftirlitsaðilar eða dómstólar fara fram á þær
Til að halda skrá yfir persónuverndarkjörstillingarnar þínar	Lögmætir hagsmunir (til að geta sýnt fram á persónuverndarkjörstillingarnar þínar)	Upplýsingar í tengslum við persónuverndarkjörstillingarnar þínar	Svo lengi sem þú afturkallar ekki samþykki þitt
Ef það er nauðsynlegt, innan eðlilegra marka, í tengslum við deilu eða rannsókn, sem við erum eða kunnum að verða hluti af, annaðhvort beint við þig eða við þriðja aðila	Lögmætir hagsmunir (málsvörn)	Persónuupplýsingar, sem eru nauðsynlegar innan eðlilegra marka, í tengslum við slíka deilu eða rannsókn	Við munum aðeins varðveita gögn í þessu skyni í hverju tilviki fyrir sig þegar þörf krefur
Til að vinna úr beiðni frá þér um nýta þér réttindi þín	Lögmætir hagsmunir (til að stuðla að því að þú getir nýtt þér réttindi þín)	Reikningsupplýsingar; Persónuupplýsingar, sem eru nauðsynlegar innan eðlilegra marka, til að vinna úr slíkum beiðnum.	10 ár fyrir beiðni (ef um er að ræða málsmeðferð fyrir dómi: þar til málsmeðferðinni lýkur)

Persónuverndarréttindi þín

Til að veita þér meiri stjórn yfir úrvinnslu persónuupplýsinganna þinna hefur þú yfir ýmsum réttindum að ráða. Kveðið er á um þessi réttindi, meðal annars, í 15.-22. gr. GDPR.

Til að nýta þér þessi réttindi getur þú haft samband við okkur á eftirfarandi netfang:

privacy@subaru.eu

Til að sanna deilur á þér þegar þú nýtir þér réttindi þín, og eingöngu í þeim tilgangi, munum við biðja þig um að senda okkur afrit af framhlið persónuskilríkjanna þinna. Subaru hefur ekki heimild til að varðveita myndina á rafrænu persónuskilríkjunum þínum. Við ráðleggjum þér eindregið að „sverta“ myndina áður en þú sendir okkur afrit af rafrænu persónuskilríkjunum þínum.

Þú getur nýtt þér öll þessi réttindi án endurgjalds nema beiðni þín sé augljóslega tilefnislaus eða óhófleg (til dæmis ef um er að ræða endurtekna beiðni). Í slíkum tilvikum höfum við heimild til að krefjast sanngjarnrar þóknunar eða neita að svara beiðninni.

Þú hefur eftirfarandi réttindi:

- **Rétt til að fá aðgang að persónuupplýsingunum, sem við vinnum úr, um þig (15. gr. GDPR):**

Þú átt rétt á því að fá upplýsingar frá okkur hvenær sem er um hvort við vinnum úr persónuupplýsingunum þínum eður ei. Ef við vinnum úr þeim átt þú rétt á því að fá aðgang að persónuupplýsingunum og fá viðbótarupplýsingar um:

- a) tilgang vinnslunnar;
- b) viðkomandi flokka persónuupplýsinga;
- c) viðtakendur eða flokka viðtakenda (einkum viðtakendur í þriðju löndum);

- d) hversu lengi fyrirhugað er að varðveita persónuupplýsingarnar eða ef það er ekki mögulegt, þær viðmiðanir sem notaðar eru til að ákveða það;
- e) að persónuverndarréttindi þín liggja fyrir;
- f) réttinn til að leggja fram kvörtun hjá eftirlitsyfirvaldi;
- g) uppruna persónuupplýsinganna ef persónuupplýsinganna er aflað hjá þriðja aðila;
- h) hvort fram fari sjálfvirk ákvarðanatöku fyrir þig.

Ef við getum ekki veitt þér aðgang að persónuupplýsingunum þínum (t.d. vegna lagaskyldu) munum við láta þig vita af hverju það er ekki mögulegt.

Þú getur einnig fengið ókeypis eintak af unnu persónuupplýsingunum á skiljanlegu sniði. Hafið í huga að við kunnum að taka sanngjarnt gjald fyrir ef þú óskar eftir viðbótareintökum til að standa undir kostnaði við gerð þeirra.

- **„Réttur til að gleymast“ (rétturinn til að fara fram á að við eyðum persónuupplýsingunum þínum) (17. gr. GDPR):**

Í vissum tilvikum getur þú óskað eftir því að við eyðum persónuupplýsingunum þínum. Í slíku tilviki ættir þú að athuga að við munum ekki lengur geta boðið þér upp á tiltekna þjónustu ef þú nýtir þér þennan rétt þinn. Auk þess er réttur þinn til að gleymast ekki algildur. Við höfum heimild til að geyma áfram persónuupplýsingarnar þínar ef slíkt er nauðsynlegt, meðal annars, til að standa við samkomulagið, uppfylla lagaskyldu eða stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur. Við veita þér nánari upplýsingar um þetta í svari okkar við beiðni þinni.

- **Réttur til leiðréttingar (16. gr. GDPR):**

Ef persónuupplýsingarnar þínar eru rangar, úreltar eða ófullnægjandi getur þú beðið okkur um að leiðrétta slíkar rangfærslur eða ófullnægjandi upplýsingar.

- **Réttur til að flytja eigin gögn (20. gr. GDPR):**

Að ákveðnum skilyrðum uppfylltum átt þú einnig rétt á því að láta okkur senda persónuupplýsingar, sem þú hefur veitt okkur, til annars ábyrgðaraðila. Við munum senda nýja ábyrgðaraðilanum persónuupplýsingarnar þínar með beinum hætti eftir því sem tæknilega er unnt.

- **Réttur til takmörkunar á vinnslu (18. gr. GDPR):**

Ef eitt af eftirfarandi á við getur þú óskað eftir því að við takmörkum vinnslu persónuupplýsinganna þinna:

- a) þú vefengir að persónuupplýsingarnar séu réttar (í slíku tilviki skal notkun þeirra takmarkast við tímann sem gerir okkur kleift að staðfesta að persónuupplýsingarnar séu réttar);
- b) vinnslan á persónuupplýsingunum þínum er ólöglegt;
- c) við þurfum ekki lengur á persónuupplýsingunum þínum að halda fyrir vinnsluna en þú þarfnast þeirra til þess að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur;
- d) svo lengi sem engin ákvörðun hefur verið tekin um að andmæla vinnslunni getur þú óskað eftir því að notkun persónuupplýsinga þinna sé takmörkuð.

- **Andmælaréttur (21. gr. GDPR):**

Þú getur andmælt vinnslu persónuupplýsinganna þinna vegna sérstakra aðstæðna þinna ef við vinnum persónuupplýsingarnar þínar út frá lögmætum hagsmunum eða almennum hagsmunum. Í slíku tilviki munum við hætta vinnslu persónuupplýsinga þinna nema við getum sýnt fram á sannfærandi og lögmæt ástæður fyrir vinnslunni sem vega þyngra en ástæður þínar, eða ef vinnsla persónuupplýsinganna þinna tengist því að stofna, hafa uppi eða verjar réttarkröfur. Þú átt rétt á því að andmæla vinnslu persónuupplýsinga þinna hvenær sem er í þágu *beinnar markaðssetningar*.

- **Réttur til þess að verða ekki fyrir sjálfvirkri ákvarðanatöku (22. gr. GDPR):**

Þú átt rétt á því að ekki sé tekin ákvörðun eingöngu á grundvelli sjálfvirkrar gagnavinnslu sem snertir þig að verulegu leyti eða hefur réttaráhrif og gerð er án verulegrar mannlegrar íhlutunar.

Þú getur ekki nýtt þér þennan rétt í eftirfarandi þremur tilvikum:

- a) þegar sjálfvirk ákvarðanataka er heimiluð í lögum (t.d. til að koma í veg fyrir skattsvik);
- b) þegar sjálfvirk ákvarðanataka byggir á afdráttarlausu samþykki þínu; eða
- c) þegar sjálfvirk ákvarðanataka er forsenda þess að unnt sé að gera eða efna samning (athugið: við reynum alltaf að nota aðferðir, sem brjóta eins lítið gegn friðhelgi þinni, þegar við gerum eða framfylgjum samningnum).

- **Réttur til að afturkalla samþykki (7. gr. GDPR):**

Ef vinnsla á persónuupplýsingunum þínum byggir á samþykki getur þú afturkallað samþykkið hvenær sem er með einfaldri beiðni.

- **Réttinn til að leggja fram kvörtun**

Við gerum allt sem í okkar valdi stendur til að standa vörð um persónuupplýsingarnar þínar. Ef þú vilt leggja fram kvörtun um hvernig við vinnum persónuupplýsingarnar getur þú tilkynnt okkur um það með því að hafa samband við okkur (eins og tekið er fram í upphafi þessarar persónuverndartilkynningar) svo við getum unnið úr henni eins fljótt og auðið er.

Þú getur einnig lagt fram kvörtun hjá eftirlitsyfirvaldi. Þú hefur rétt til að leggja fram kvörtun um það hvernig við meðhöndlum eða vinnum persónuupplýsingarnar þínar hjá innlendu eftirlitsyfirvaldi.

Finna má upplýsingar um innlent eftirlitsyfirvald í heimalandi þínu á vefsíðunni

https://edpb.europa.eu/about-edpb/about-edpb/members_en.

Persónuvernd
Rauðarárstígur 10
105 Reykjavík
+354 510 9600
postur@dpa.is

Athugið að þú getur aðeins nýtt þér ofangreind réttindi í tengslum við þær persónuupplýsingar sem við geymum um þig í tengslum við þjónustuna.

Við deilum aðeins persónuupplýsingunum þínum með þriðju aðilum í eftirfarandi tilgangi:

Við munum aðeins veita þriðju aðilum persónuupplýsingarnar þínar í samræmi við gildandi lög og reglur.

Hjá Subaru munum við tryggja að einungis þeir aðilar, sem þess þurfa til að standa við samnings- og lagaskyldur okkar, hafi aðgang að persónuupplýsingunum þínum.

Í vissum tilvikum fá starfsmenn okkar aðstoð frá utanaðkomandi þjónustuaðilum. Hvað gagnavernd varðar höfum við gert samkomulag við alla slíka þjónustuaðila til að tryggja að þeir sýsli með persónuupplýsingarnar þínar með öruggum hætti, af virðingu og tilhlýðilegri kostgæfni.

Auk þess getur verið að persónuupplýsingum þínum sé deilt í eftirfarandi tilvikum:

- Við notum þjónustuaðila til að þróa og bjóða upp á þjónustuna. Það getur verið að slíkir þjónustuaðilar fái aðgang í vissum tilvikum að persónuupplýsingunum þínum þegar þeir sjá Subaru fyrir þjónustunni. Meðal helstu þjónustuaðila okkar eru:
 - Toyota Motor Europe (býður upp á stoðkerfi þjónustunnar);
 - Microsoft (hýsir gögn í stoðkerfum - Hollandi);

- Amazon Web Services (hýsir gögn í stoðkerfum - Hollandi);
 - Infosys (þjónusta við atvinnurekstur okkar og vöruþróun - Indlandi);
 - BDB (þjónusta við atvinnurekstur okkar og vöruþróun - Indlandi);
 - Mapbox (býður upp á leiðsöguþjónustu í rauntíma og upplýsingar um áhugaverða staði, umferðarskilyrði, o.s.frv.);
 - Toyota Connected Europe Limited (býður upp á hluta af stoðkerfum þjónustunnar - Bretlandi);
 - Toyota Motor Corporation (meðhöndlar OTA uppfærslur á tækjum í ökutækinu og til að styðja við rannsóknir, greiningu og þróun á vörum og þjónustu - Japan);
 - Móðurfyrirtækið okkar Subaru Corporation (til að styðja við rannsóknir, greiningu og þróun á vörum og þjónustu - Japan);
 - Innlendir dreifingaraðilar okkar, sem samkvæmt fyrirmælum okkar kunna að aðstoða okkur af og til, með fyrirspurnir og aðstoð til viðskiptavina.
- Ef opinber yfirvöld (t.d. löggæsluyfirvöld), eftirlitsaðilar eða dómstólar krefjast þess að við afhendum þeim persónuupplýsingarnar þínar;

Ef það er talið nauðsynlegt í tengslum við deilumál, sem við eigum í eða gætum lent í, höfum við heimild til að deila persónuupplýsingum þínum með t.d. hinum aðilanum(unum) sem tengist deilunni eða með dómstóli.

Persónuupplýsingar frá öðrum

Það getur verið að við höfum ekki fengið sumar persónuupplýsingarnar, sem við vinnum, beint frá þér. Í slíku tilviki söfnum við slíkum persónuupplýsingum óbeint í gegnum þriðju aðila.

Ef við fáum persónuupplýsingar frá þriðju aðilum munum við aðeins vinna þær frekar ef við höfum lögmætan tilgang til að gera það og ef slík vinnsla er nauðsynleg og hófleg til að ná þeim tilgangi.

Hvernig get ég hætt að deila staðsetningarupplýsingum um Subaru ökutækin mín?

Ef þú vilt ekki að staðsetningarupplýsingar um Subaru ökutækið þitt séu notaðar getur þú ávallt stillt á „persónuverndarstillinguna“ í upplýsinga- og afþreyingarkerfinu í Subaru ökutækinu þínu. Ef kveikt er á „persónuverndarstillingunni“ munum við hætta notkun slíkra staðsetningarupplýsinga og hætta söfnun á staðsetningarupplýsingum. Þó getur verið að við munum safna og deila staðsetningarupplýsingum með lögbærum yfirvöldum í gegnum eCall-þjónustu ef meiriháttar árekstur á sér stað. Sjá [<https://www.subaru.eu/docs/default-source/connected-services/how-to-activate-privacy-mode.pdf>] fyrir hagnýtar og skref-fyrir-skref leiðbeiningar um hvernig þú getur virkjað „persónuverndarstillinguna“.

Athugið að þegar kveikt hefur verið á „persónuverndarstillingunni“ mun hún gilda um alla þjónustu sem treystir á staðsetningarupplýsingar. Ýmiss konar þjónusta reiðir sig á (að öllu leyti eða að hluta) staðsetningargögn frá Subaru bílnum þínum. Þess vegna, þegar „persónuverndarstillingin“ er virk, gæti þessi þjónusta verið ófáanleg eða gæði hennar og nákvæmni skert.

Staða „persónuverndarstillingarinnar“ (virk eða óvirk) helst eins og þú hefur stillt hana þar til þú ákveður að breyta stöðunni. Þú getur athugað stöðu „persónuverndarstillingarinnar“ í gegnum skjá höfuðeiningarinnar/upplýsinga- og afþreyingarkerfisins og SUBARU Care appið.

Verður persónuupplýsingunum mínum miðlað til annarra landa?

Subaru er með rekstur um allan heim. Því getur verið að við eða þjónustuaðilar okkar geymum og vinnum persónuupplýsingarnar þínar í mörgum löndum, þar á meðal öðru landi en þar sem þú býrð eða keyptir Subaru ökutækið þitt. Það getur til dæmis verið að persónuupplýsingarnar þínar verði fluttar til Bretlands, Japans og/eða Bandaríkjanna.

Ef persónuupplýsingarnar þínar eru fluttar til landa utan Evrópska efnahagssvæðisins („EES“) munum við tryggja að gripið sé til viðeigandi varúðarráðstafana, eins og:

- Að miðlunin sé í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um fullnægjandi vernd samkvæmt 45. gr. GDPR;
- Um miðlunina gildi stöðluð samningsákvæði um gagnavernd eins og þau hafa verið samþykkt af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eða gagnaverndaryfirvaldi samkvæmt (c)- eða (d)-lið 2. mgr. 46. gr. GDPR. Frekari upplýsingar um reglur um miðlun persónuupplýsinga til landa utan EES má finna á eftirfarandi hlekk:
https://ec.europa.eu/info/law/law-topic/data-protection/data-transfers-outside-eu_en.

Öryggi persónuupplýsinganna þinna

Við höfum gripið til allra raunhæfra og fullnægjandi tæknilegra og skipulagslegra öryggisráðstafana til að vernda persónuupplýsingarnar þínar með sem bestum hætti gegn því að óviðkomandi aðilar hagræði, týni, eyði eða fái aðgang að þeim fyrir slysi eða af ásetningi. Til dæmis geymum við alltaf persónuupplýsingarnar þínar á öruggum stað til að koma í veg fyrir að þriðju aðilar fái aðgang að persónuupplýsingunum þínum.

Breytingar á persónuverndartilkynningunni

Það getur verið að Subaru uppfæri þessa persónuverndartilkynningu af og til og þegar við gerum það munum við gefa út endurskoðaða persónuverndartilkynningu og tilkynna þér um breytingarnar að því marki sem það er áskilið í lögum. Við hvetjum þig til að skoða ávallt nýjustu útgáfu persónuverndartilkynningarinnar.

Ef spurningar vakna um breytingar á persónuverndartilkynningunni biðjum við þig um að hafa samband við okkur með því að nota samskiptaupplýsingarnar sem eru tilgreindar í upphafi persónuverndartilkynningarinnar.